

LANDSSAMBAND ÍSLENSKRA ÚTVEGSMANNA

THE FEDERATION OF ICELANDIC FISHING VESSEL OWNERS.



HAFNARHOLI, TRYGGVAGÖTU 11 · P.O.BOX 893 · REYKJAVÍK · TEL. 354-550 9500 · TELEFAX 354-550 9501

Nefndasvið Alþingis,
v/sjávarútvegsnefndar,
Austurstræti 8-10.
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 127/1896
komudagur 15.4.2002

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 13.4.2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um tilraunaveiðar á miðsjávartegundum í úthafinu

Við höfum fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um tilraunaveiðar á miðsjávartegundum í úthafinu (þskj. 162, 161. mál).

Við teljum afar brýnt og löngu tímabært að efla rannsóknir á þeim tegundum sem um er fjallað í þingsályktunartillögunni. Allar líkur eru á því að hér sem um að ræða stofna sem gætu gefið umtalsvert af sér.

Við höfum þegar farið þess á leit við sjávarútvegsráðherra og Hafrannsóknastofnunina að rannsóknir á þessum stofnum verði eflar. Við höfum staðið að undirbúningi tilraunaveiða sem væntanlega hefjast í næstu viku. Þar verður aðaláherslan lögð á rannsóknir og veiðar á laxsíld, en við teljum einsýnt að þeim verði að fylgja eftir hvað aðrar tegundir varðar.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri.